

"Allan", sagði hún, "þú verður að vera hjá mér. Við þurfum ekkert að hugsa um, hvort okkar á Brooklands. Við erum hjón og elskum nú hvort annað. Vert hér kyr, og ef þú gerir það, margborgar þú það, sem ég hef liðið þín vegna".

Það varð þögn svo sem hálfu mínútu. Hann var að hugsa sig um, — en svo hafði hún unnið sigur. Hann þrýsti henni að hjarta sér og sagði:

"Ástkæra konan mín, ég skal vera ánægður með, að skulda þér alt, og aldrei skal ég yfirgefa þig".

Þannig endaði þá stríð Adalheiðar fyrir að ávinna sér hjarta manns síns.

LXXII. KAPÍTULI.

Einn fagran morgun í júnímánuði tveimur árum síðar, situr Lady Adalheiður í stáss-sal sínum á Brooklands. Ekkert gerir andlitid þegra en ánægjan. Adalheiður hafði alt af verið fögur kona, en nú var nokkuð það í andliti hennar, sem áður hafði vantað. Það var vottur um gleði og hamingju. Hún var nú yndislega fögur, hið fagra, gullna hár hennar var jafnnikið og áður, bláu augun hennar jafn blíðleg og fyr, og brosið á vörum hennar birt vitni um, hve hamingjusöm hún var.

Hún sat hjá glugga og horfði á fallegt blóm. — Svo opnuðust dyrnar, og Caren lávarður kom inn. Það var auðséð, að nú var ástin jöfn á báðar hliðar. Hann laut niður að henni og kysti hana.

"Er hann kominn, Allan?"

"Já, og hann hefir ekkert breytt. Ég get ekki